

Yfirlit yfir verkefni og rekstur Orkustofnunar

Orkumálasvið

Orkumálasvið skiptist í tvær deildir, auðlindadeild og orkubúskapardeild. Þá heyrir Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna undir orkumálasviðið.

Auðlindadeild

Hlutverk auðlindaeildarinnar er að ráðstafa fé ríkisins til orkurannsóknna. Gerir auðlindadeild tillögu til orkumálastjóra um þær orkurannsóknir sem kostaðar eru af ríkissjóði og um ráðstöfun á þeirri fjárveitingu sem Orkustofnun fær í samræmi við tilgreinda rannsóknaráætlun. Rannsóknarverkefni eru skilgreind og samið um framkvæmd þeirra, ýmist einingar á rannsóknarhluta Orkustofnunar eða við aðra aðila. Síðan er tekið við niðurstöðum og þær lagðar til grundvallar ráðgjöf stofnunarinnar til stjórnvalda. Á seinustu árum hafa verið mikil umsvif vegna svokallaðrar Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, en fé til rannsókna á því sviði kemur úr Orkusjóði, frá orkufyrirtækjunum og af fjárveitingu Orkustofnunar.

Helstu viðfangsefni auðlindaeildar eru:

- Að hafa heildarsýn yfir orkurannsóknir landsmanna.
- Að standa fyrir rannsóknum á orkulindum landsins og varðveita grundvallarupplýsingar um þær.
- Að starfrækja opinn tölvugagnagrunn með upplýsingum um orkumál og önnur auðlindamál.
- Að miðla upplýsingum um orku- og auðlindamál til stjórnvalda og almennings.
- Að hafa umsjón með auðlindasvæðum í eigu ríkisins.
- Að vinna að áætlunargerð til langs tíma um rannsóknir og hagnýtingu orkulinda landsins í samvinnu við aðra sem stunda orkuvinnslu, orkuflutning og orkusölu.
- Að leggja á ráð um orkusparnað og hagkvæma orkunotkun.
- Að fylgjast með þróun orkumála á alþjóðavettvangi og taka þátt í alþjóðlegri samvinnu um orkurannsóknir.
- Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál.

Orkubúskapardeild

Orkubúskapardeild hefur með höndum söfnun, varðveislu og miðlun hvers konar tölulegra upplýsinga um orkumál, auk verkefna á sviði orkunýtingar. Þar er m.a. átt við upplýsingar um orkuvinnslu og um verð á orku. Jafnframt sinnir deildin orkuspám og aðgerðum til aukinnar hagkvæmni í orkunýtingu, þ.m.t. orkusparnaði.

Helstu viðfangsefni orkubúskapardeildar eru:

- Að safna gögnum um vinnslu og notkun orku, um innflutning orkugjafa og að gefa út skýrslur um það efni.
- Að fylgjast með þróun orkuverðs og gjaldskrár orkuveitna.
- Að veita innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um orkumál.
- Að vinna að áætlunum til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og gefa út orkuspár.

- Að stuðla að aukinni hagkvæmni í orkunýtingu og auknum hlut innlendra orkugjafa í orkubúskap þjóðarinnar.

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Jarðhitaskólinn hefur verið rekinn í nær aldarfjórðung. Er það gert á grundvelli sérstaks samnings milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Orkustofnunar. Nemendur í skólanum eru einkum frá þróunarlöndunum en nú seinustu árin einnig frá Austur-Evrópu. Tala nemenda hefur verið um 15-17 mörg undanfarin ár.

Kennsla nemenda fer að mestu fram á Orkustofnun en að hluta utan hennar. Innan Orkustofnunar eru það einkum sérfræðingar á Rannsóknasviði Orkustofnunar sem sinna kennslunni og greiðir Jarðhitaskólinn fyrir þá þjónustu.

Kostnaður við skólann skiptist þannig að um 85% er greitt af fé utanríkisráðuneytisins til þróunaraðstoðar, um 10% kemur frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sjálfum en afgangurinn eru tilfallandi tekjur.

Nýverið hefur verið hafið meistaranám við skólann í tengslum við Háskóla Íslands.

Deleted: þ

Orkurannsóknahluti

Orkurannsóknarhlutinn skiptist í tvær sjálfstæðar einingar. Annars vegar rannsóknarsvið (ROS) og hins vegar vatnamælingar.

Rannsóknasviðið (ROS)

ROS er sjálfstæð rekstrareining innan Orkustofnunar, sem annast rannsóknir á orkulindum landsins og nýtingu þeirra auk almennrar þjónustu á sviði jarðvísinda. ROS starfar á hreinum rekstrarlegum grundvelli, án beinna fjárveitinga frá hinu opinbera. ROS er rekið í samræmi við stefnu stjórnvalda um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrar opinberra fyrirtækja. Pannig greiðir ROS t.d. að fullu sinn hlut í öllum sameiginlegum kostnaði og húsléigu sem er hærrí en sú léiga sem raun er innt af hendi. Léigan sem ROS er reiknuð er því í nánd við markaðsléigu. Hugsanlegum rekstrarafgangi skal samkvæmt reglugerð um stofnunina verja til þess að efla rannsóknarfærni ROS. en jafnframt hefur tekist að byggja upp allbökkalegan höfuðstól sem mun auðvelda sviðinu bá breytingu sem framundan er skv. frumvarpi um Íslenskar orkurannsóknir.

Viðfangsefni Rannsóknasviðsins einkum á sviði jarðhitarannsóknna, en einnig í almennri jarðfræði svo sem gerð jarðfræðikorta fyrir sveitarfélög. Þá er fyrirsjáanleg gróska í umsvifum á sviði hafsbotsmála sem kann að koma til kasta Rannsóknasviðsins.

Helstu viðfangsefni ROS eru:

- Að annast rannsóknir á auðlindum, eðli þeirra og skilyrðum til nýtingar samkvæmt samningi við þá sem slíkar rannsóknir kosta.
- Að finna upp, þróa og aðlaga aðferðir og tæki til rannsókna á orkulindum landsins.
- Að sinna kennslu og leiðbeina nemendum Jarðhitaskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna.
- Að markaðsfæra erlendis þekkingu Orkustofnunar.

Vatnamælingar

Vatnamælingar eru einnig sjálfstæð rekstrareining innan Orkustofnunar sem starfar á hreinum rekstrarlegum grundvelli, án beinna fjárveitinga frá hinu opinbera. Gildir um það fyrirkomulag allt það sama og sagt er að framan um ROS.

Helstu viðfangsefni vatnamælinga eru:

- Vatnshæðarmælingar. Rekin eru kerfi u.þ.b. 170 síritandi vatnshæðarmæla á vegum ríkisins, orkufyrirtækja og annarra opinberra aðila. Þessir mælar eru í stöðuvötnum, borholum og við vatnsföll víða um land.
- Rennslismælingar. Svo að hægt sé að segja til um rennsli út frá upplýsingum um vatnshæð í vatnsföllum eru gerðar rennslismælingar við mismunandi vatnshæð.
- Aurburðarmælingar. Reglulega er tekin aurburðarsýni víða um land og rekin hefur verið rannsóknastofa til greiningar á þeim. Tilgangur mælinganna er einkum að fylgjast með umhverfisáhrifum af breyttum aurburði vegna virkjunar vatnsfalla og af öðrum ástæðum, t.d. vegna jökulhlaupa
- Jöklamælingar. Í samvinnu við fleiri aðila (Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Verkfræðistofunni Vista og Vegagerðinni) hefur verið unnið að því að koma á sjálfvirku efnavöktunarkerfi vegna jökulhlaupa og flóða frá eldsumbrotum í Vatnajökli og Mýrdalsjökli. Vöktunarkerfið byggir á sjálfvirkum mælistöðvum sem skrá vatnshæð, rafleiðni og vatnshita í völdum jökulám.

- Önnur verkefni, s.s. dýptarmælingu stöðuvatna og vatnshitamælingar í nokkrum ám.


Deleted:

Þjónustusvið

Sameiginleg þjónusta (áður Stjórnsýsludeild) annast bókhald, fjárreiður og starfsmannahald, og ýmsa aðra sameiginlega starfsemi svo sem rekstur bókasafns, tölvukerfis, húsnæðis og matstofu, og hefur jafnframt umsjón með skýrsluútgáfu.

Deleted: /

Deleted: teiknistofu,




Uppruni tekna hjá Vatnamælingum (VM) og Rannsóknasviði (ROS) árið 2001. Upphæðir í m.kr.

Deleted:

Orkustofnun	Árið 2002						Samtals
	Orkumála- stjóri	Sameigin- leg þjónusta	Orkumála- svið	Jarðhita- skóli	Vatna- mælingar	Rannsókná- svið	
Rekstrarreikningur eftir einingum							
<i>Upphæðir í þús kr</i>							
Rekstrartekjur							
Fjárveiting undir iðnaðarráðun.	27.800	0	213.900	0	0	0	241.700
Fjárveiting á vegum utanríkisráðun.	0	0	0	63.000	0	0	63.000
Framlög og styrkir	558	0	166.531	9.979	23.304	10.865	211.237
Seid þjónusta	17	20.356	6.054	201	238.744	409.108	674.480
Hlud. í sameiginl. þjónustu	2.517	129.478	0	0	0	0	131.995
Rekstrartekjur alls	30.892	149.834	386.485	73.180	262.047	419.973	1.322.412
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	11.428	58.046	54.459	16.168	129.210	218.910	488.221
Verkkaup	9.371	5.715	297.749	13.714	17.721	12.644	356.914
Annar rekstrarkostnaður	4.493	76.798	13.909	25.958	54.966	70.557	246.682
Hlutdeild í sameiginl. þjónustu	2.517	0	23.863	9.637	37.368	60.729	134.113
Rekstrargj. án stofnkostn.	27.810	140.558	389.979	65.478	239.265	362.841	1.225.931
Framlegð úr rekstri	3.083	9.276	-3.494	7.702	22.782	57.132	96.481
Stofnkostnaður	756	7.573	766	2.433	8.774	26.800	47.102
Útgjöld samtals	28.565	148.132	390.745	67.911	248.039	389.641	1.273.032
Afgangur (- halli)	2.327	1.703	-4.260	5.269	14.008	30.332	49.380

Úr drögum að ársreikningi Orkustofnunar árið 2002

Úr ársreikningi Orkustofnunar árið 2002



[Myndræn framsetning á lykiltölum ársreiknings 2002](#)